

AUGLÝSING um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Vallarbraut 12, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti þann 7. janúar 2020 deiliskipulagsbreytingu fyrir Vallarbraut 12.

Breytingin felst í að snúa byggingu á reit og aðkoma verði norðanmegin. Hæðir verði fjórar í stað þriggja og íbúðum fjölgað úr 9 í 15. Byggingarreitur hefur verið færður fjær lóðamörkum Móa-valla 2.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Dalsbraut 8, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 7. apríl 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Dalsbraut 8.

Íbúðum verður fjölgað úr 14-15 í 22. Húsið verður 3 hæðir í stað 2-3 hæða. Byggingarreitur stækkar til suðurs og nýtingarhlutfall eykst um 40 m² vegna A-rýma og um 600 m² vegna B-rýma.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 4. maí 2020.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2020